

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 26. september 2022 vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Gullsléttu.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Gullsléttu, birtist í Fréttablaðinu á morgunn, þriðjudaginn 27. september 2022. Tillagan er í kynningu frá 27. september 2022 til og með 8. nóvember 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/gullsletta-1>

Gullslétta 1

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. ágúst 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 1. september 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 1 við Gullsléttu. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að skipta upp lóðinni í fjórar lóðir, breyta byggingareitum, færa innkeyrslur til ásamt því að bæta einni við og hækka/samræma hæðina á húsunum óháð því hvort um veggghæð eða mænishæð er að ræða. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **27. september 2022 til og með 8. nóvember 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 8. nóvember 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is